

Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999.

„Í augum Nietzsche var tómhyggjan óhjákvæmileg afleiðing af gjaldþroti allra gilda og hugsjóna. Verðfall allra gilda, afhjúpun blekkingarinnar sem þau hvíla á, hrindir manninum út í tóm sem hann hefur ekki komist í kynni við fyrr. Nietzsche áleit að komið væri að þáttaskilum: nú hlyti maðurinn annaðhvort að sökkva í dýrslega villimennsku eða takast á við tómhyggjuna og yfirvinna hana. En tómið verður aðeins sigrað eftir að það hefur smogið gegnum merg og bein. Menn hljóta að horfast í augu við tómhyggjuna undanbragðalaust og snúa henni upp í andstæðu sína.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 550)

„Trúarlegar og heimspekilegar heimsskoðanir eru að hans sögn ekkert annað en tákni um þörf manna fyrir merkingu og skipulag. Þær eru aðeins „alltof mannlegar“ tilraunir til þess að flýja óreiðuna. Mönnunum er ofviða að lifa án stöðugrar „fölsunar“ á heiminum.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 550-551.)

„Tómhyggjan er það hugarfar eða sálræna ástand sem leiðir beinlínis af gruninum um að raunverulega sé ekki til neitt siðferðilegt kennivald, hvorki innra með okkur né hið ytra. Tilgangsleysið heltekur okkur þegar við gerum okkur ljóst að það er ekki til neins að túlka tilveruna með hugtökum á borð við „fyrirætlun“, „eining“, „markmið“ og „sannleikur“. Við höfum sjálf klætt heiminn í þennan búning og þegar við afhjúpum hann eru öll gildi horfin.

Það er freistandi að líta á þetta sem eins konar „heimspekilega firringu“ eins og hjá Feuerbach og Marx: Kerfi frumspekinnar eru tákni um firringu mannkynsins. Það sem vakir fyrir Nietzsche er samkvæmt þessu að færa mönnunum aftur það sem þeir hafa verið sviptir: „Ég vil endurheimta sem eign mannsins og afurð allt hið fagra og háleita sem við högum léð raunverulegum og ímynduðum hlutum...“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 552)

„Ofbeldið er...ekki opinbert heldur er það framið undir yfirborðinu. ...Fyrir sakir „andlegs ofbeldis“ er þrælasiðurinn sem í upphafi var eitt mögulegt sjónarhorn, gert að algildu sjónarhorni. Höfðingjarnir sjá sjálfa sig með augum þrælanna....Þeir snúast öndverðir við sterkustu hvötum sínum.“ „Tómhyggjan er það hugarfar eða sálræna ástand sem leiðir beinlínis af gruninum um að raunverulega sé ekki til neitt siðferðilegt kennivald, hvorki innra með okkur né hið ytra. Tilgangsleysið heltekur okkur þegar við gerum okkur ljóst að það er ekki til neins að túlka tilveruna með hugtökum á borð við „fyrirætlun“, „eining“, „markmið“ og „sannleikur“. Við höfum sjálf klætt heiminn í þennan búning og þegar við afhjúpum hann eru öll gildi horfin.

Það er freistandi að líta á þetta sem eins konar „heimspekilega firringu“ eins og hjá Feuerbach og Marx: Kerfi frumspekinnar eru tákni um firringu mannkynsins. Það sem vakir fyrir Nietzsche er samkvæmt þessu að færa mönnunum aftur það sem þeir hafa verið sviptir: „Ég vil endurheimta sem eign mannsins og afurð allt hið fagra og háleita sem við högum léð raunverulegum og ímynduðum hlutum...“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 555)

„Mannkynið hefur aldrei hryllt við villimennskunni: „Að verða vitni að þjáningu gerir manni gott. Að valda þjáningu eru enn betra. Þetta er harður dómur, en hann er gamall og þungvægur, og alltof mannlegur...Án grimmdar væri engin gleði! Þetta er lærdómur elstu og lengstu sögu mannsins. Og refsingin er líka mikill gleðigjafi.“ Þetta þýðir ekki að Nietzsche

sé talsmaður harðýðgi og grimmdar. Það sem fyrir honum vakir er að benda á hve flókið fyrirbæri vellíðan og ánægja getur verið.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 555-556.)

„Allar hvatir sem ekki hljóta útrás snúast inn á við. Það er þetta sem ég kalla innhverfingu mannsins.“ Um leið verður sálin til:

„Þar með verður í fyrsta sinn til í manningum það sem síðar er kallað „sál“ hans. Allur þessi innri heimur lá upphaflega króaður af, eins og milli tveggja skinna. Nú hefur hann þanist út og upp á við og hefur hlotið dýpt, breidd og hæð í samræmi við þær hvatir mannsins sem ekki fengu útrás. Opinber yfirvöld hlaða ógurlega varnargarða egn hinni fornu frelsisþrá.“....

Galdurinn er að temja hvatirnar og sálaröflin – ekki „skeytingarleysi“ heldur „siðmenntun.“ Lausnin felst í göfgun.Sjálfsagi er lykill hins sterka manns að jákvæðu lífi þar sem hann fær notið sín til fullnustu.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 556.)

„Hjá Nietzsche merkir vald ekki vald yfir öðrum heldur einkum vald einstaklingsins yfir sjálfum sér. Viljinn til valds birtist einnig í þörf fyrir þekkingu. Það er þörfin fyrir að koma böndum á óreiðuna, beisla umhverfið og breyta því.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 559.)

„Ef til vill má skýra markmið sálgreiningarinnar með því að minna á kenningu Nietzsches om ofurmennið: Bæði Freud og Nietzsche líta svo að yfirvinna þurfi andstæðuna milli hvatanna og siðferðisins. Ofurmenni Nietzsches hefur sigrast á sjálfum sér með svipuðum hætti og geðsjúklingurinn eftir vel heppnaða sálgreiningu.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 597.)

Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib., 2002: „Við þurfum að sjá hann sem mann sem lýsir ekki aðeins yfir algjöru guðleysi heldur er mjög persónulega flæktur í afneitun sinni á tilvist guðlega réttlætis, guðlegrar náðar og trúarlegs yfirskilvitleika með öllu.“ (J.P. Stern: Bryan Magee. Miklir heimspekingar. Hib., s. 244.)

„Það eru fjórar meginhefðir innan vestrænnar menningar sem Nietzsche gerði árás á: hefð kristins siðferðis, hefð veraldslegs siðferðis sem er að finna í verkum heimspekilegra siðfræðinga, hið venjulega hversdagssiðferði hins lítt hugsandi almennings („hjarðgildi,“ eins og hann kallaði það) og að minnsta kosti einhverjar hefðir sem eiga rætur að rekja til Forngríkkja, einkum Sókratestar.“ 245

„Hann er ekki á móti [samúðinni], hann fyrir lítur hana ekki þegar hún kemur frá hinum sterka einstaklingi. Það sem hann fyrir lítur er að styrkja lítilmagnann utan frá, hver svo sem hin ytri uppspretta kann að vera – hvort sem það er annar einstaklingur og samúð hans, eða reglur og reglugerðir, eða lög, eða hvað sem vera skal.“ J.P. Stern 245-246.

„Ástæðan fyrir því að hann var á móti henni fólst í grundvallarskírskotun hans til þess sem er ekta eða ósvikið, til þess að vera maður sjálfur, til hinnar skapandi lífsorku, til þess lífs sem einstaklingurinn lifir til fulls. Það er þennan einstakling, sem ætti að lifa lífinu til fulls, sem þörfin fyrir meðaumkun og samúð vanvirðir, sem samúðin niðurlægir.“ J.P. Stern 246

„En aðalatriðið varðandi uppruna er að Nietzsche – líkt og sumir heimspekingar (til að mynda Marx) – telur að hægt sé að ákvarða gæði afurðarinnar, sérstaklega afurðar andans, út frá eðli og gæðum uppruna hennar. Þetta er, þegar allt kemur til alls, mjög svipað því sem Freud gerði, og mig grunar að Freud hafi að mestu leyti fengið það frá Nietzsche þótt hann (Freud) sé ekki mjög fús til að viðurkenna skuld sína við Nietzsche.“ JPS 247-248

„...hann var reyndar mjög merkilegur sálfræðingur að mörgu leyti. Samt býr hann ekki til kerfi, hvorki í sálarfræði né neinu öðru, og í þeim skilningi er hann ólíkur Freud. En hann er mjög líkur Freud, raunar forveri hans á margan hátt, vegna þess að hann leggur mikla áherslu á dulvitundina.

Til að mynda veltur gagnrýni Nietzsches á þýska hughyggju á þeirri skoðun hans að hún taki ekki til greina hinar dulvituðu hvatir sem ráða athögnum okkar, að þýsk hughyggja taki einfaldlega við frá kristinni algerlega neikvæðri afstöðu til þessara dulvituðu hvata hjá okkur og byggji siðmenninga á bælingu þeirra – og enn sést hve nálægt þetta er Freud í verki hans Undir oki siðmenningar.

Til er sú sögusögn að Freud hafi uppgötvað dulvitundina. Ekkert gæti verið fjær sanni. Dulvitundin hefur verið á kreiki síðan í lok átjándu aldar og Nietzsche er meðal þeirra sem notuðu hugtakið og lagði gríðarlega áherslu á það. En hann hefur ekki lagskipta kenningu um sjálfið, eins og Freud hafði.“ JPS 248

„Hann telur að einstaklingar eigi rétt á einstaklingsbundinni hegðun og ráði sjálfir þekkingu sinni....taldi að þekking væri ekki algild, að ekki ætti að telja þekkingaröflunina, eftirsóknina í algilda, heldur eða tiltekin siðmenning ætti sinn sérstaka rétt á þeirri tegund þekkingar sem hún gæti þolað og notað á frjóan hátt í jákvæðum tilgangi....sá fram á aðstæður þar sem þekkingin mundi gera út af við þekkjandann,...“ JPS 249

„Nietzsche framkvæmdi einhvers konar freudíska sjálfsgreiningu á undan Freud, gerði hann það ekki? 250

„Jú, ég held það sé rétt, þótt ég telji að ekki eigi að gera of mikið úr því, vegna þess að Nietzsche sá líka skaðlegu hliðina á sjálfssálgreiningu, en það gerði Freud ekki....Goethe hafði gríðarlega sterk áhrif á hann. Goethe var eitt af stórmennunum í öndvegismannatali hans. Og Goethe skildi mætavel að óhófleg sjálfskoðun kemur manni ekki að neinu gagni.“ JPS 250

„...fagnaði hann ágreiningi – og....að hann var öldungis óraunsær hvað snertir hinar félagslegu afleiðingar þess. Hann sá mannkynið sem skríl sem er stjórnað af úrvali og hann taldi það alveg rétt hjá úrvalinu að vera eigingjarnt, að sópa til hliða veikburða og vanmáttugum og einfaldlega hrifsa til sín hvaðeina sem það vildi fá. Hvernig einstaklingar úrvalsins mundu líka, á þessum grundvelli, geta lifað saman var nokkuð sem hann hugleiddi aldrei, eins og þú segir.“ 251

„...þú verðir líka að sigrast á öllu sem er áreynslulaust, öllu sem er löðurmannlegt, öllu sem er áhættufælið í sjálfum þér....hafirðu gert það muntu ekki vilja vera svo óvæginn i g arð annarra. Þú munt hafa einhvern skilning á veikleika þeirra, enda þótt þessi skilningur – hinn jákvæði, umburðarlyndi skilningur á veikleikum – sé ekki nákvæmlega sterkast hliðin á Nietzsche.“ JPS 252-253

„..., hann vildi að fólk lifði út í ystu æsar, lifði til hins ýtrasta, lifði án allra hafta, og hann vildi að ekkert hindraði það – engin hugmynd um rökvísi eða sannleik eða réttisýni eða neitt annað. Þvert á móti taldi hann að öll önnur viðmið skyldu valin til að þjóna kröfum lífsins. En hann taldi að öll siðakerfi sem hafa í raun og veru verið til hafi verið andstæð þessari afstöðu og hafi þess vegna í reynd verið gegn lífinu. Til grundvallar því sem hann segir liggur að lífið sé eina gildið og eina uppspretta gildis og að þess vegna hljótum við að fá öll gildi okkar frá því. Við verðum að kveða „já“ við lífinu í fyllstu merkingu sem þýðir að við ættum ekki aðeins að gefa öllum náttúrlegum hvötum okkar lausan tauminn, við ættum að fá alla mælikvarða okkar, jafnvel mælikvarða rökvísinnar og sannleikans sjálfs, frá sömu uppsprettu.“ 252

„...sjálfur mælikvarðinn á sannleik, það sem telst vera satt, hlýtur að vera það sem þjónar lífinu. Því sem þjónar ekki lífinu skal vísað á bug sem ósönnu.“ 252

„Þar sem Schopenhauer taldi viljann uppsprettu alls ills í heiminum og orsök vansældar mannsins, telur Nietzsche hann hins vegar upphaf og uppsprettu styrkleika mannsins. Að búa viljanum frelsi til að gera það sem hann getur gert er hluti af heilbrigðri menningu. Á þessu eru þau vandkvæði að maður lendir í árekstrum við annað fólk og þess vegna verður viljinn til valds á þessu stigi vilji til sjálfsfremdar, vilji til að undiroka aðra. En þetta er ekki allt sem felst í viljanum....viljinn til valds snýr sér einnig inn á við, það er að segja hann eyðir í sjálfum sér öllu sem er veikburða, öllu sem er áreynslulaust, öllu sem er einungis hluti af sjálfsdekri mannsins.“ JPS 254

„Ég hygg að ofurmennið geti verið afurð hvaða siðmenningar sem er. ...Ofurmennið er maðurinn sem lifir allt sem viljinn til valds getur tryggt honum, lifir það út í ystu æsar ...“ JPS 255

„..., að það sem Nietzsche var að reyna að komast að hafi verið hugmyndin um óbældan mann, og skilja hugtakið um bælingu í þeirri merkingu sem við lítum nú á sem hina freudísku merkingu þess? Ofurmennið er manneskja sem hefur óbældar eðlishvatir – sem hefur ekki verið „afsjálfuð“, eins og Nietzsche orðar það – og lifir því eins og hana lystir, á óþvingaðan, hömlulausan, frjálsmannlegan hátt. Ofurmennið lifir ekki lífi sínu á samkvæmt fölskum gildum: Það hefur endurmetið gildi sín. Það er sérhvert okkar ef allt væri eins og best yrði á kosið, efn við værum ekki heft af ranghugmyndum um sjálf okkur og líf okkar. Er þetta ekki hið raunverulega ofurmennishugtak?“ 256

„Jú, ég held það, en ofurmennið væri maður sem án þess að takmarka sig mundi náttúrlega, af eðlishvöt, ómeðvitað forðast að gera nokkuð af því sem Nietzsche álitur illt. Til að mynda er eina tegund hins illa sem hann er fortakslaust á móti það sem hann kallar öfundarhatur: að viðurkenna treglega og sjá ofsjónum yfir mikilleika og velgengi annarra, hlutir af því tagi. Ofurmennið er einstaklingur sem náttúrlega er laus við allt slíkt.“ JPS 256

„Harmleikurinn var leið til að horfast í augu við verstu hliðar mannlífsins, hverfuleika þess, siðspillingu þess, að það er háð öflum sem eru meiri en við sjálf. Og mesta afrek þeirra var hæfileikinn til að búa til úr þessum fyrirbærum mikla sögu, frásögn, dásamlegan harmleik. Þessu beitir hann (Nietzsche) í víðtækast og altækasta skilningi sem mögulegur er....

...eigi að vera réttæting fyrir tilveru mannsins hér og fyrir því að hann er það sem hann er, er hún það kannski aðeins sem hluti af þessum feiknamikla alheimssjónleik. Mikið af hugsun Nietzsches, sumt af áhugaverðustu og frábærustu hugsun hans, fer í að ítreka og reyna að gera skiljanlega þessa fagurfræðilegu réttlætningu mannsins.“ JPS 259

Friedrich Nietzsche taldi engan sannleika vera til og undraðist sjúklegan áhuga heimspekings á fyrirbærinu og spurði þeirrar spurningar, hvernig heimspekingum hefðu komið í hug, að annars staðar væri veröld betri en vor.

„Übermensch,“ sem merkir afburðamaður, öndvegismaður, ofurmenni, afbragð annarra manna, alvitur, alls ráðandi, leiðtogi, var eitt lykilhugtaka í heimspeki þýska nítjándu aldar heimspekingsins, Friedrich Nietzsche. Ofurmennið stendur sauðsvörtum og aumkunarverðum almúganum ofar, aumkunarverðum sökum friðþægingar í blekkingum samtímans, nítjándu aldar, þ.e. vísindum, listum, orðræðu og svo framvegis. Í slíkum blekkingarheimi er ekkert víst, sannleikur enginn, tóm þjáning (nihilism) og volæði. En þannig hefur ástandið eiginlega verið um aldir, þegar grannt er skoðað, hnignunin er sífelld, maðurinn úrkynjast. Einasta vonin til að sefa hugann sé tilhugsun um endurkomuna eða endurfæðinguna sem ofurmenni. En hlutverk almúgans er reyndar að stuðla að sköpun, lífi og starfi ofurmennanna. Á þeirra verða engar framfarir. Þeirra er eiginlega mátturinn og dýrðin, en þó hefur lýðurinn ákveðin völd, afl fjöldans.

Mennirnir trúa því, að tungumál þeirra, vísindi og kenningar um tilveruna endurspegli hana, lýsi lögmálum hennar. En því ferð víðs fjarri, það er blekking og ekki til annars fallin en að spyrna gegn óhamingju og þjáningu. Og maðurinn sækist efir blekkingunni. Jafnvel vitsmunirnir eru „snilligáfa blekkingarinnar.“

Viljinn til valds er aflvaki mannsins. Í sálarlífi hans birtist togstreitan millum hams- og hömluleysis ástríðna, hvata, langana, vímu og algleymis, svonefndra „díónísískra“ afla (kennd við forngríska guðinn, Díónísus „appollónískra“, (kennd við gríska guðinn, Appollon) öfl skefjanna, stjórnunar og fágunar. En það eru hin fyrrgreindu, sem mestu ráða í lífi mannsins. Þetta er stundum nefnt listamannafrumspeki Nietzsches.

Friedrich Nietzsche tók annan og sálarmiðaðri pól í hæðina, þegar hann dustaði rykið á gömlum afstæðishugmyndum um menningu og siðferði. Hann taldi engan geta gefið forskriftir að góðri breytni. Breytni fólks mótaðist fyrst og fremst í eilífri valdabaráttu og viðleitninni til að ná tókum á sjálfum sér í veröldinni. Skynseminni sjálfri var beitt í þjónustu fyrrgreindra afla.

„Nietzsche segir að þar sem enginn Guð sé til og enginn annars heimur en þessi þá geti siðferði og gildi ekki verið forskilvitleg: þau geta ekki verið upprunnin í neinum öðrum stað en þessum heimi því „annar staður“ er einfaldlega ekki til. Þau geta ekki verið annað en sköpun mannsins.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning 2002, s. 174.)

„Nietzsche segir því að þau gildi sem við ættum að taka upp feli í sér að segja já við lífinu. Hvert og eitt okkar ætti að leitast við að njóta hæfileika sinna, lifa lífi sínu til fulls og segja já við lífinu.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning 2002, s. 174-175.)

„Að losa heiminn við öll átök, þjáningu og ósigra er jafn grunnhyggislegt og tilgangslaust og það að vilja leggja niður vont veður.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning 2002, s. 175.)

„Meðal hinna jákvæðu hugmynda Nietzsches var það einkum hin stóíska hetjulund sem höfðaði til fólks, sú hugmynd að við verðum að takast á við erfiðustu og ógeðfelldustu sannindin um sjálf okkar án þess að depla auga, horfast stöðugt í augu við þau og lifa í ljósi vitneskjunnar um þau án annarrar umbunar en þeirrar sem felst í því að lifa slíku lífi sjálfs þess vegna.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning 2002, s. 178.)

„Sigmund Freud, upphafsmaður sálgreiningarinnar, sagði um hann: „Á æskuárum mínum var hann tákn um göfuglyndi sem ég gat ekki öðlast.“ Að sögn ævisöguritara Freuds sagði hann einnig oft um Nietzsche „að hann hefði haft dýpri þekkingu á sjálfum sér en nokkur maður sem hefur nokkurn tíma verið til eða er líklegt að verði til.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning 2002, s. 178.)

„Gyðingahatur taldi hann utan alls velsæmis. „Gyðingahatarar,“ sagði hann, „geta ekki fyrirgefið gyðingum það að vera bæði gáfaðir og eiga peninga. Gyðingahatur – annað orð yfir klastur og klúður.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar. Mál og menning 2002, s. 179.)